

Athugasemdir við Fjármálaáætlun 2018-2022, mál nr. 402.

Innsent af:
Ásbirni Björgvinsyni
Kt: 040957-5459

Dags: 21. April. 2017.

Kæru Alþingismenn.
Gleðilegt Sumar ☺

Ég vil fá tækifæri til að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við nefndarmenn vegna Fjármálaáætlunar 2018-2022, mál nr. 402.

Ég hef starfað við ferðaþjónustu í nærri 30 ár og lengst af á Húsavík, Akureyri og nú á Suðurlandi að byggja upp LAVA Eldfjallamiðstöð Íslands.

Ég var formaður Ferðamálasamtaka Íslands í tvö ár og stóð fyrir því að leggja þau niður til að einfalda stjórnkerfið þar sem Markaðsstofur Landshlutanna hafa nú tekið við því hlutverki í samræmi við stefnu stjórnvalda.

Vegna þekkingar minnar og tengsla við ferðaþjónustuna víða um land vildi ég fá tækifæri til að senda ykkur þessar ábendingar vegna framkominna hugmynda um hækkun á virðisaukaskatti á ferðaþjónustuna.

Öll þau fyrirtæki sem ég hef heyrt í eru mjög áhyggjufull yfir fyrirhugaðri hækkun á virðisaukaskatti og telja að áhrif þessarar hækkunar, ef af verður, komi til með að hafa sérstaklega vond áhrif á ferðaþjónustuna á landsbyggðinni.

Málið snýst um að uppfylla væntingar ferðamanna, þ.e. að verðlag sé í samræmi við gæði og þjónustu. Þeir ferðaþjónustuaðilar sem ég hef rætt við telja sig varla geta aukið gæði og hækkað þjónustustig til samræmis við þá verðhækkun sem boðuð er á greinina.

Það er með ferðamenn eins og okkur sjálf, við skoðum kostnaðinn, áfangastaðinn, aðdráttaraflið og ferðatímenn. Þegar áfangastaðurinn er langt í burtu þarf verðið að vera enn sangjarnara og eða þjónustan afburðagóð og/eða segullinn sterkur.

Ferðatímenn út á land er ekkert að fara að breytast, þjónustan getur mögulega batnað eitthvað sem og gæðin líka en varla í hlutfalli við þann aukakostnað sem nú stendur til að leggja á greinina með hækkun á virðisaukaskattinum.

Minni fyrirtæki á landsbyggðinni munu ekki geta tekið þessa hækkun á sig og því verður enn erfiðara fyrir þau en áður að laða ferðamenn um langan veg.

Þessi áform stjórnvalda munu því hafa ÞVER ÖFUG áhrif miðað við þær áherslur sem settar hafa verið fram um að auka flæði ferðamanna um allt land til að tryggja betri rekstrargrunn fyrir fyrirtækin og fjölgun heilsársstarfa.

Þá mun samkeppnisstaða landsins okkar versna verulega ef þessi áform ganga eftir.

Styrking krónunnar hefur þegar haft neikvæð áhrif og mun halda áfram að draga úr ferðalögum til landsins, stytta dvalartímenn og fækka þar með gistináttum, kaupum á margvíslegri afþreyingu og veitingum líka.

Ég SKORA á nefndarmenn að skoða þessi mál með hagsmuni heildarinnar og þá séstaklega áhrifin á ferðaþjónustufyrirtæki á landsbyggðinni að leiðarljósi áður en ákvörðun um frekari álögur á greinina verða teknar.

Með vinsemd og virðingu

Ásbjörn Björgvinsson

Kt: 040957-5459

s-891-9820

abbi@lavacentre.is